

218. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 7. MAÍ 2014 KL 9:00

haldinn í Skálholti, Biskupstungum.

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning og fundargerð tveggja síðustu funda.
2. Fjármál.
 - a) Jöfnunarsjóður sókna – drög að ársreikningi 2013.
 - b) Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti – staða fjármála
 - c) Kirkjumálasjóður – þriggja mánaða rekstraryfirlit 2014.
 - d) Héraðssjóður Austurlandsprófastsdæmis, umsókn í Jöfnunarsjóð sókna.
 - e) Erindi frá Steindóri Haraldssyni, formanni starfshóps um endurskoðun stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar.
 - f) Fundargerð fjármálahóps.
3. Fasteignir.

Kálfafellsstaður, kaupsamningur/minnisblað.
4. Skálholt.
 - a) Á borði heimamanna.
 - b) Ábúð í Skálholti.
 - c) Tilboð í leigu á gisti- og veitingaþjónustu.
 - d) Fjárhagsáætlun Skálholts 2014.
 - e) Skálholt – þriggja mánaða rekstraryfirlit 2014.
5. Önnur mál.
 - a) Drög að niðurstöðu nefndar um sóknargjöld.
 - b) Skipun fulltrúa kirkjunnar í viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið.
 - c) Samningur biskups Íslands við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐIR SÍÐASTU FUNDA

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson og séra Gunnlaugur Stefánsson. Svana Helen Björnsdóttir, varamaður, sat fundinn í fjarveru Katrínar Ásgrímsdóttur.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti og Hólmfríður Ingólfssdóttir sátu fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Heimamenn í Skálholti, Guttormur Bjarnason, bóndi og ráðsmaður Skálholtsstaðar, séra Egill Hallgrímsson, sóknarprestur, Þórey Anna Matthíasdóttir, leiðsögumaður og kirkjuvörður, og Jón Bjarnason, organisti, sátu fundinn þegar rætt var um starfið í Skálholti, undir dagskrárlíðum 4 a og b.

Biskup Íslands setti fundinn sem hófst á morguntíð í Skálholtsdómkirkju.

Fundargerðir kirkjuráðsfunda 216 og 217 voru samþykktar.

2. FJÁRMÁL

a) *Jöfnunarsjóður sókna – drög að ársreikningi 2013.*

Fjármálastjóri kynnti drög að ársreikningi Jöfnunarsjóðs sókna 2013.

b) *Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti – staða fjármála.*

Kirkjuráð samþykkti að veita 1 m.kr. styrk til Félags áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti til að greiða upp í skuld félagsins við smið Þorláksbúðar.

Kirkjuráð samþykkti að veita Félagi áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti lán til fimm ára til að gera upp útistandandi skuldir félagsins við smið Þorláksbúðar í Skálholti. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálastjóra að ganga frá lánasamningi við Félag áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti.

c) *Kirkjumálasjóður – þriggja mánaða rekstraryfirlit 2014.*

Fjármálastjóri lagði fram til upplýsinga þriggja mánaða rekstraryfirlit Kirkjumálasjóðs 2014.

d) *Héraðssjóður Austurlandsprófastsdæmis, umsókn í Jöfnunarsjóð sókna.*

Kirkjuráð samþykkti að veita héraðssjóði Austurlandsprófastsdæmis 1 m.kr. úr Kirkjumálasjóði vegna kirkjumiðstöðvar Austurlands.

e) *Erindi og umsókn um fjárstyrk frá Steindóri Haraldssyni, formanni starfhóps um endurskoðun stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara fyrirspurnum formanns starfhópsins. Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu umsóknarinnar.

f) *Fundargerð fjármálahóps.*

Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs lögð fram til kynningar.

3. FASTEIGNIR

- *Kálfafellsstaður, kaupsamningur/minnisblað.*

Lagt var fram minnisblað frá sviðsstjóra fasteignasviðs Biskupsstofu þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála er varðar sölu á jörðinni Kálfafellsstað en dregist hefur að ljúka gerð formlegs kaupsamnings m.a. vegna skráningar eignarinnar í þjóðskrá.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra að undirrita kaupsamning, afsal og önnur skjöl er varða söluna.

4. SKÁLHOLT

a) *Á borði heimamanna í Skálholti.*

Heimamenn í Skálholti kynntu sig og sögðu frá störfum sínum.

b) *Ábúð í Skálholti.*

Ábúendaskipti verða í Skálholti nú í sumar. Hjónin Guttormur Bjarnason og Signý Berglind Guðmundsdóttir hafa sagt upp ábúðinni frá og með 31. maí nk. Jörðin hefur verið auglýst laus til ábúðar og fór fram opið hús á býlinu, í tengslum við þá auglýsingu, laugardaginn 3. maí sl. Sviðsstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu annaðist opna húsið ásamt Guttormi.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka við umsóknum um ábúð og ljúka samningagerð um áframhaldandi ábúð í Skálholti.

c) *Tilboð í leigu á gisti- og veitingaþjónustu.*

Kirkjuráð hefur auglýst eftir tilboðum í leigu á gisti- og veitingarekstri í Skálholti.

Framkvæmdastjóri kynnti þau tilboð sem borist hafa í leigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla, fimm aðilar skiluðu inn tilboðum. Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um tillögu að næstu skrefum málsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og Ásbirni Jónssyni, kirkjuráðsmanni, að vinna málið áfram í samræmi við þær tillögur sem framkvæmdastjóri kynnti.

d) *Fjárhagsáætlun Skálholts 2014.*

Málinu frestað.

e) *Skálholt – þriggja mánaða rekstraryfirlit 2014.*

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar þriggja mánaða rekstraryfirlit Skálholts 2014.

5. ÖNNUR MÁL

a) *Drög að niðurstöðu nefndar um sóknargjöld.*

Lagt var fram til kynningar bréf frá séra Gísla Jónassyni, fulltrúa kirkjunnar í nefnd Innanríkisráðuneytisins um endurskoðun sóknargjalda. Þar komu fram drög að niðurstöðu nefndarinnar um endurskoðun sóknargjalda.

Biskup mun koma afstöðu kirkjuráðs á framfæri við fulltrúa kirkjunnar í nefndinni.

b) Skipun fulltrúa kirkjunnar í viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið.

Kirkjuráð samþykkti að skipa séra Gísla Gunnarsson, Ingu Rún Ólafsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur í viðræðunefnd kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið. Kirkjuráð fól fjármálastjóra Biskupsstofu að starfa sem ritari nefndarinnar.

Kirkjuráð samþykkti 1 m.kr. fjárhagsgramma úr Kirkjumálasjóði til nefndarstarfanna vegna ársins 2014.

c) Samstarfssamningur biskups Íslands við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ.

Lagður var fram til kynningar samstarfssamningur biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ, sem biskup og deildarforseti undirrituðu í Dómkirkjunni 25. apríl sl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.

Kirkjuráð þakkaði fráfarandi ábúendum Skálholtsjarðarinnar fyrir vel unnin störf og buðu þeim til kaffisamsætis í lok kirkjuráðsfundar.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu miðvikudaginn 4. júní kl. 9:00.

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari